

ÁRSSKÝRSLA

ADHD Samtakanna

2022



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	ii
Yfirlit mynda	iii
1 Ársskýrsla ADHD Samtakanna fyrir árið 2022	1
2 Fræðsluefni – Útgáfa	2
2.1 Bæklingar	2
2.2 Útgáfa bóka	3
2.3 Fræðsluherferðin ADHD – Greining, meðferð og lyf bjarga lífum!	4
2.4 Endurskinsmerki ADHD Samtakanna	5
3 Starfsemi ársins	6
3.1 Styrkir	6
3.2 Hvatningarverðlaun ADHD Samtakanna	6
3.3 ADHD samtökin fta. – félag til almannaheilla	8
3.4 TEAM ADHD – Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka	9
3.5 Námskeið og fræðsla	9
3.5.1 Súper Stelpur	10
3.5.2 Taktu stjórnina	10
3.5.3 Áfram stelpur	11
3.5.4 Foreldranámskeið	11
3.5.5 TÍA – tómstundir, íþróttir og ADHD	11
3.5.6 Skólinn og ADHD	11
3.5.7 Áfram veginn	11
3.5.8 Súper Krakkar – strákar og stelpur	12
3.6 Samfélagsmiðlar	12
3.7 ADHD í Beinni	13
3.8 Lífið með ADHD	13
3.9 Málþing	14
3.10 Fjölmiðlaumfjöllun	15
3.11 Ályktanir og umsagnir	16
3.12 Landsbyggðin	17
3.13 ADHD samtökin 35 ára	17
4 Samstarf	18
4.1 Norrænt samstarf	18
4.2 ADHD Europe	18
4.3 Samstarf og starfshópar	18
4.4 Evrópuverkefni – ChildTalks+	19
5 Starfsmannamál	19
6 Stjórn og stefna	20
6.1 Stjórn samtakanna	20
6.2 Helstu áherslur	21
Ársreikningur	24

Yfirlit mynda

Mynd 1 – Útgefnir bæklingar samtakanna.....	2
Mynd 2 – Bækur sem samtökin eru með í sölu.....	3
Mynd 3 – ADHD – Greining, meðferð og lyf bjarga lífum!	4
Mynd 4 – Endurskinsmerki ADHD Samtakanna.	5
Mynd 5 – Vilhjálmur Hjálmarsson formaður ADHD Samtakanna, Ásgeir Pétursson, Styrmir Magnússon og Ólöf Birna Sveinsdóttir fulltrúar KFUM/K ásamt Heiðu Björgu Hilmisdóttur formanni Sambands íslenskra sveitarfélaga.	7
Mynd 6 – ADHD samtökin fta.....	8
Mynd 7 – TEAM ADHD árið 2022	9
Mynd 8 – Fræðslufundur um snjalltækni og ADHD 30. ágúst 2022.	10
Mynd 9 – Námskeið ársins 2022	12
Mynd 10 – Merki ADHD í Beinni.....	13
Mynd 11 – Hlaðvarp samtakanna, Lífið með ADHD	13
Mynd 12 – Yfirskrift málpingsins – Þú ert númer 1250 í röðinni	14
Mynd 13 – Umfang umfjöllunar eftir tegundum fjölmiðla árið 2022	15
Mynd 14 – Þróun fjölda fréttu árið 2022 samanborið við 2021.....	16
Mynd 15 – Merki útibúa ADHD samtakanna.....	17
Mynd 16 – Lógó ADHD Europe.....	18
Mynd 17 – Frá aðalundi ADHD samtakanna 2022.....	21

1 Ársskýrsla ADHD Samtakanna fyrir árið 2022

ADHD samtökin voru stofnuð 7. apríl 1988 og hétu upprunalega foreldrafélag misþroska barna. Markmið ADHD samtakanna er að börn og fullorðnir með ADHD og skyldar raskanir mæti skilningi alls staðar í samfélaginu og hafi gott aðgengi að þjónustu sem hefur það að markmiði að hámarka hæfni þeirra og lífsgæði á öllum aldurskeiðum.

Samtökin vinna að markmiðum sínum með því að búa yfir eða eiga í samstarfi við aðila sem hafa framúrskarandi þekkingu á greiningu, meðferð og stuðningi við einstaklinga með ADHD og skyldar raskanir. Þeirri þekkingu miðlum við til hagsmunaaðila með ráðgjöf og öflugum fræðslustarfi ásamt því að sinna markvissri hagsmunagæslu í eigin nafni eða í góðu samstarfi við aðra sem hafa sömu baráttumál á stefnuskrá sinni.

Árið 2022 var nokkuð tvískipt – fyrri hluti ársins var um margt litaður af takmarkandi þáttum COVID hvað fundahald varðar, en þegar leið á vorið og restina af árinu færðist starsemin í eðilegra horf með líflegu viðburðahaldi og starfsemi um allt land.

Áframhaldandi vöxtur einkenndi starfsemi samtakanna á árinu. Félagsmönnum fjölgaði úr 3616 í 4086 eða um 13%. Ein skráning gildir fyrir hverja fjölskyldu en bak við þá tölu reynast yfirleitt mun fleiri þar sem ekki er óalgengt að aðrir fjölskyldumeðlimir glími einnig við röskunina. Stóraukið líf færðist í starfsemi útibúanna, námskeiðahald og fræðslustarf samtakanna og mikil áhersla var lögð á baráttuna við lyfjafordóma og fyrir bættri og aukinni þjónustu hins opinbera við greiningar og meðferð vegna ADHD.

Líkt og undanfarin ár, grundvallast aukin starfsemi ADHD samtakanna fyrst og fremst á rausnalegum stuðningi almennings við samtökin. Á árinu fengu samtökin samþykktu skráningu sem félag til almannaheilla í samræmi við nýsamþykkt lög um slík félög. Þá njóta einstaklingar og fyrirtæki sem styðja samtökin skattaafsláttar í samræmi við skáningu samtakanna á almannaheillaskrá RSK. Á árinu nutu samtökin auk þess veglegs stuðnings frá Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu, Heilbrigðisráðuneytinu, Reykjavíkurborg og Öryrkjabandalaginu svo helstu styrktaraðilar séu nefndir.

Skrifstofa samtakanna er opin alla virka daga ársins frá kl. 13-16. Samtökin veita fullorðnum, foreldrum og fagfólki ráðgjöf í síma, með tölvupósti og sinna þeim sem á skrifstofuna leita. Gott samstarf er milli ýmissa félagasamtaka, sem deila húsnæði að Háaleitisbraut 13. ADHD samtökin eru þar að auki eitt af stofnfélögum Sjónarhóls ráðgjafamiðstöðvar.

Ársskýrsla ADHD samtakanna miðast við almanaksárið í samræmi við ársreikninginn og á að gefa gott yfirlit yfir starfsemi félagsins og helstu verkefni.



Mynd 1 – Útgefnið bæklingar samtakanna

2 Fræðsluefni – Útgáfa

2.1 Bæklingar

ADHD samtökin hafa verið öflug í útgáfu bóka og fræðslubæklinga. Nýir bæklingar eru gefnir út árlega og þeir eldri endurprentaðir reglulega. Einnig er unnið að þýðingu fræðslubæklinganna yfir á ensku og pólsku til að mæta þörfum sem flestra í íslensku samfélagi. Árið 2022 voru gefnir út fjórir nýjir fræðslubæklingar (Atvinna og ADHD á ensku og pólsku og Unglingar og ADHD á ensku og pólsku) og fræðslubæklingurinn Unglingar og ADHD var endurgerður að mestu. Fræðslubæklingar ADHD samtakanna eru endurgjaldslausir og standa öllum til boða. Þá er einnig að finna í rafrænni útgáfu á vefsíðu samtakanna www.adhd.is

Þeir bæklingar sem samtökin hafa gefið út eru:

- Hvað er ADHD? (almennur fræðslubæklingur um ADHD 2011, endurbættur 2021)
- What is ADHD? (sami bæklingur á ensku 2016)
- Co to Jest? (sami bæklingur á pólsku 2016)
- Börn og ADHD (2011, endurbætt útgáfa 2019)
- Children and ADHD (sami bæklingur á ensku 2019)
- Dzieci i ADHD (sami bæklingur á pólsku 2019)
- Stúlkur og ADHD (2011)
- Ha, ertu að tala við mig? (sjálfshjálparbæklingur fyrir eldri börn og unglunga 2012)
- ADHD utan skólafunnar (ætlaður starfsfólki grunnskóla 2013)
- Unglingar og ADHD (2014, endurgerður 2022)

- Teenagers and ADHD (sami bæklingur á ensku 2022)
- Młodzież z ADHD (sami bæklingur á pólsku 2022)
- Náin sambönd og ADHD (2016)
- Afbrot og ADHD (2016)
- Systkini og ADHD (2018)
- Atvinna og ADHD (2019)
- ADHD in the Workplace (sami bæklingur á ensku 2022)
- Praca i ADHD (sami bæklingur á pólsku 2022)
- Fullorðnir og ADHD (2011, endurbætt útgáfa 2020)
- Adults and ADHD (sami bæklingur á ensku 2020)
- Dorosli i ADHD (sami bæklingur á pólsku 2020)

2.2 Útgáfa bóka

Engar nýjar bækur voru gefnar út hjá samtökunum árið 2022. Bækur ADHD samtakanna eru því þessar:

- ADHD og farsæl skólaganga (2013 í samvinnu við Námsgagnastofnun, endurútgefin 2015)
- Leyndardómar heilans – láttu verkin tala (2014)
- Leikskólar og ADHD (2015)
- Ferðalag í flughálfu unglingar og ADHD (2017, endurútgefin 2021)
- Elli – Dagur í lífi drengs með ADHD (2020)
- Hámarksárangur í námi með ADHD (2010 útgefin af Sigrúnu Harðardóttur og Tinnu Halldórsdóttur – útgáfuréttur keyptur 2021)
- Hámarksárangur í námi með ADHD – verkefnabók (2009 útgefin af Sigrúnu Harðardóttur og Tinnu Halldórsdóttur – útgáfuréttur keyptur 2021)




Mynd 2 – Bækur sem samtökin eru með í sölu

2.3 Fræðsluherferðin ADHD – Greining, meðferð og lyf bjarga lífum!

Í tilefni af alþjóðlegum vitundarmánuði fólks með ADHD í október, réðust samtökin í gerð fræðslumyndbanda og fræðsluefnis um jákvæð áhrif greininga, lyfja og meðferðar vegna ADHD og kynntu efnið undir yfirskriftinni ADHD – Greining, meðferð og lyf bjarga lífum! Herferðin samanstóð af fimm myndböndum sem birt voru á samfélagsmiðlum og ítarlegu fræðsluefni um jákvæð áhrif greininga, lyfja og meðferðar sem Anna Tara Magnúsdóttir, vann fyrir samtökin. Sama efni var síðan til umræðu á fjölsótttri ráðstefnu samtakanna í lok október.



Mynd 3 – ADHD – Greining, meðferð og lyf bjarga lífum!



Mynd 4 – Endurskinsmerki ADHD Samtakanna.

2.4 Endurskinsmerki ADHD Samtakanna

Hefðbundin sala á endurskinsmerkjum fór fram í októbermánuði en að þessu sinni var ekki gefið út nýtt merki, heldur þau eldri seld. Merkin eru með teikningum eftir **Hugleik Dagsson** og með hverju merki fylgir örbæklingur sem inniheldur helstu upplýsingar um ADHD.

3 Starfsemi ársins

3.1 Styrkir

ADHD samtökin fengu umtalsverða styrki á yfirstandandi ári sem nýttust vel til að efla starfsemina. Þúsundir einstaklinga og fyrirtækja lögðu samtökunum þannig lið og nutu skattaafsláttar í samræmi við skráningu samtakanna á almannaheillaskrá RSK.

Stærri styrkir bárust síðan frá Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti, Heilbrigðisráðuneyti, Reykjavíkurborg, ÖBÍ, Reykjanesapóteki, nemendum Lindarskóla í Kópavogi, Garðabæ, Hvalfjarðarsveit, Norðurþingi, Múlaþingi, Vestmannaeyjabæ og sveitarfélögnum á Suðurnesjum sem stóðu sameiginlega að fræðsluátaki á svæðinu. Í Vestmannaeyjum voru fyrirtæki og einstaklingar einstaklega vinsamleg við samtökin og starfsemina þar í bæ. Auk veglegs styrks frá sveitarfélaginu fékk útibúið styrki frá Miðstöðinni, Oddfellowstúkunnni Vilborgu, fjölsóttu kótelettukvöldi og hlaupaseríu Friðriks Benediktssonar.

Á árinu fengu samtökin skráningu í almennaheillaskrá Ríkisskattstjóra sem fyrr og verða öll frjáls framlög til samtakanna þar með frádrættarbær frá skatti, í samræmi við lög þar um.

3.2 Hvatningarverðlaun ADHD Samtakanna

Á árinu voru Hvatningarverðlaun ADHD samtakanna veitt í annað sinn, en þau eru ætluð hverjum þeim sem með mikilsverðum hætti hefur lagt sitt fram til bæta lífsgæði fólks með ADHD á Íslandi. Verðlaunin má veita til einstaklinga, félagasamtaka, stofnanna, fyrirtækja eða hverskyns lögaðila.

KFUM/K voru valin sem handhafar hvatningaverðlauna samtakanna árið 2022 fyrir „Gauraflokk“ og „Stelpur í stuði“ – sumarbúðir samtakanna fyrir börn með ADHD. Fulltrúar KFUM og KFUK veittu verðlaununum móttöku við hátíðlega athöfn á ráðstefnu ADHD samtakanna í lok vitundarmánaðarins. Heiða Björg Hilmisdóttir, borgarfulltrúi og formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga afhenti verðlaunin ásamt Vilhjálmi Hjálmarssyni, formanni ADHD samtakanna.



Mynd 5 – Vilhjálmur Hjálmarsson formaður ADHD Samtakanna, Ásgeir Pétursson, Styrmir Magnússon og Ólöf Birna Sveinsdóttir fulltrúar KFUM/K ásamt Heiðu Björgu Hilmisdóttur formanni Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Í umsögn um viðurkenninguna sagði stjórn ADHD samtakanna m.a. þetta: Börn og unglingar með ADHD glíma í mörgum tilvikum við lágt sjálfsmat, skerta félagslega færni og fleira sem t.d. getur komið í veg fyrir að þau njóti sín í fjölmennu tómstundastarfi eða leik með jafnöldrum. Yfir vetrartímann hafa ADHD samtökin sem og aðrir aðilar staðið að margvíslegum námskeiðum sem vinna með þessa þætti. Á sumrin hefur framboð á slíku starfi þó verið takmarkað.

Undantekning hér á, er það mikla frumkvöðlastarf sem rekið hefur verið í Vatnaskógi undir merkjunum „Stelpur í stuði“ og „Gauraflokkur.“ Frá árinu 2007 hefur KFUM/K staðið fyrir sumarbúðum fyrir stráka og stelpur með ADHD og skyldar raskanir. Þar skapaðist tækifæri fyrir mörg börn að fara í sumarbúðir á eigin forsendum þar sem þeim er mætt á uppbyggilegan og

jákvæðan hátt. Áhersla hefur frá upphafi verið lögð á að mæta þörfum þessara barna á sem bestan hátt og koma á móts við þær áskoranir sem börnin mörg hver glíma við í daglegu lífi. Í því samhengi hefur verið stuðst við ráðleggingar fagfólks við skipulagningu sumarbúðanna til að gera dvöl barnanna eins ánægjulega og auðveldla og hægt er, s.s. með því að aðlaga hefðbundna dagskrá sumarbúðanna, þjálfa starfsfólk ásamt að viðhafa skilgreind viðbrögð og aukin sveigjanleika í nálgun við börnin.

Það er virðingarvert að hafa farið af stað með verkefni sem þetta sérstaklega fyrir börn með ADHD og hvatning til annara sem starfa á vettvangi barna hvort sem er innan skólakerfisins eða í samhengi við íþróttá- eða tólmstundarstarf.

KFUM og **KFUK** eru svo sannarlega vel að þessari viðurkenningu komin og sem þakklætisvott veittu samtökin þeim heiðurskjal þess til staðfestingar ásamt listaverki eftir **Hallgrím Helgason**, sem listamaðurinn gaf samtökunum af þessu tilefni.

3.3 ADHD samtökin fta. – félag til almannaheilla

ADHD samtökin fengu á árinu formlega skráningu sem félag til almannaheilla í samræmi við nýsamþykkt lög um slík félög. Skráningin er mikilvæg viðurkenning á að markmið samtakanna séu samfélaginu til heilla og að öll umgjörð starfseminnar sé vel úr garði gerð. Við skráninguna bættist skammstöfunin fta. við nafn samtakanna – ADHD samtökin fta.

Ný lög um félög til almannaheilla tóku gildi 1. nóvember 2021. Markmið laganna er ekki síst að tryggja betri skilgreiningu á rekstrarformi félaga sem starfa til almannaheilla og auka þannig tiltrú og traust á slíkum samtökum og gera þau betur fær um að sinna mikilvægum samfélagslegum verkefnum. Skráning sem félag til almannaheilla felur því í sér mikilvæga viðurkenningu hins opinbera á að rétt sé að málum staðið. Lögin heimila einnig að opinberir aðilar geti gert það að skilyrði fyrir styrkjum og samstarfi, að félög séu skráð sem félög til almannaheilla. Skráning ADHD samtakanna sem félag til almannaheilla er því mikilvægt skref í áframhaldandi eflingu samtakanna.

RSK

Fyrirtækjaskrá

Hlutafélagaskrá - Samvinnufélagaskrá - Sjálfseignarstofnanaskrá - Firmaskrá
Tryggvagötu 19, 101 Reykjavík

Vottorð úr fyrirtækjaskrá

ADHD samtökin fta
Póstfang: Háaleitisbraut 13
108 Reykjavík

Útgefið: 20.6.2022

Dagsetning samþykka er 30.3.2022

Kt: 590588-1059

Lögheimili: Háaleitisbraut 13
108 Reykjavík

Mynd 6 – ADHD samtökin fta

3.4 TEAM ADHD – Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka

Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka fór loksins aftur fram í lok ágúst, en þessi skemmtilegi viðburður hefur fallið niður undanfarin ár vegna COVID. Vel á fjórða tug einstaklinga hljóp fyrir ADHD samtökin að þessu sinni og söfnuðu þau um ellefuhundruð þúsundum – hærri fjárhæð en nokkru sinni fyrr.



Mynd 7 – TEAM ADHD árið 2022

3.5 Námskeið og fræðsla

Námskeiðahald jókst umtalsvert frá fyrra ári og áframhaldandi aukin áhersla á þátttöku í gegnum fjarfundarlausnir. Nokkur ný námskeið hófu göngu sína á árinu; Áfram veginn, vefnámskeið fyrir fullorðna, Skólinn og ADHD, vefnámskeið fyrir kennara og starfsfólk skóla, Súper stelpur – sjálfstyrkingarnámskeið fyrir 13-16 ára stelpur og Súper krakkar – sjálfstyrkingarnámskeið fyrir 9-12 ára krakka með ADHD, stráka annarsvegar og stelpur hinsvegar.

Á liðnu ári sóttu um 443 einstaklingar skipuleg námskeið samtakanna, upb 40 fleiri en árið á undan (400) - 73 börn og 370 fullorðnir. Um tveir þriðju þátttakenda voru konur (324) en einn þriðji karlar (119). Samfara auknu námskeiðahaldi á netinu og vegna námskeiðahalds í Vestmannaeyjum og á Selfossi fjölgaði þeim sem sóttu námskeið samtakanna utan höfuðborgarsvæðisins nokkuð. Um þriðjungur þátttakenda bjó utan höfuðborgarsvæðisins á liðnu ári eða um 120 einstaklingar.

Auk námskeiðanna skipulögðu samtökin fjölda einstakra fyrirlestra á vegum fyrirtækja, stofnanna, skóla og félagasamtaka um allt land og hefur sú þjónusta samtakanna vaxið umtalsvert á liðnum árum – ekki síst hjá leikskólum og grunnskólum um allt land.

Áfram er unnið að rafrænu foreldrafærninni „Kærleikur í kaos“ í samstarfi við dönsku ADHD samtökin, en vinnslan á því efni hefur tafist nokkuð vegna utanaðkomandi aðstæðna. Þá var einnig hafin vinna við gerð vefnámskeiðs fyrir enskumælandi einstaklinga með ADHD, Understanding ADHD og er það ætlað fullorðnum með ADHD.

Eftir nokkur erfið COVID ár færðist stóraukinn kraftur í fundahald samtakanna árið 2022. Fyrri hluta ársins þvældis COVID þó enn fyrir en frá og með haustinu voru reglulega haldnir spjall- og fræðslufundir á öllum starfssvæðum samtakanna og í beinu streymi í Facebook hópnum ADHD í beinni. Samtals voru haldnir 25 fræðslu- og spjallfundir á árinu, lang flestir á haustönninni, þar af 14 í útibúum samtakanna á landsbyggðinni, 9 í Reykjavík og þrír fundir voru sendir út rafrænt í ADHD í beinni. Upptalning á þeim námskeiðum sem ADHD samtökin buðu upp á árið 2022 hér að neðan.



Mynd 8 – Fræðslufundur um snjalltækni og ADHD 30. ágúst 2022.

3.5.1 Súper Stelpur

Sjálfsstyrkingarnámskeið í samstarfi við Sjálfstyrk sem ætlað 13-16 ára stelpum með ADHD. Námskeiðið stendur yfir í 10 vikur og er ætlað báðum kynjum.

3.5.2 Taktu stjórnina

Færninámskeið fyrir fullorðna en námskeiðið telur 10 klukkustundir og skiptist niður á 4 virka daga. Sérfræðingar á vegum ADHD samtakanna halda utan um kennslu og framkvæmd

námskeiðsins en námskeiðið hefur verið haldið reglulega undanfarin ár. Námskeiðið er m.a. nýtt af skjólstæðingum VIRK starfsendurhæfingar.

3.5.3 Áfram stelpur

Færinámsskeið sem þróað var eftir óskum félagsmanna um námsskeið sem sérstaklega væri ætlað konum með ADHD. Námskeiðið telur 10 klukkustundir og skiptist niður á 4 virka daga. Sérfræðingar á vegum ADHD samtakanna halda utan um kennslu og framkvæmd námsskeiðsins og hefur það fengið afar góðar viðtökur. Námskeiðið er m.a. nýtt af skjólstæðingum VIRK starfsendurhæfingar.

3.5.4 Foreldranámsskeið

Að venju var boðið upp á fræðslunámsskeið fyrir foreldra barna með ADHD, annarsvegar fyrir aldurshópin 6-12 ára og hins vegar 13-18 ára. Námskeiðið nær yfir tvo laugardaga og er ávallt vel sótt. Fyrirlesarar eru allir sérfræðingar í málefnum ADHD og búa yfir gríðarmikilli reynslu á því sviði. Námskeiðin eru bæði aðgengileg í gegnum streymi og á staðnum.

3.5.5 TÍA – tómsundur, íþróttir og ADHD

Nýtt fræðslunámsskeið fyrir þjálfara og starfsfólk íþróttafélaga, tómsundamiðstöðva og skóla um samskipti og samstarf við börn með ADHD. Leiðbeinendur voru **Vanda Sigurgeirsdóttir, Jakob Frímann Þorsteinsson** og **Bóas Valdórsson**. Námskeiðið var bæði aðgengilegt í gegnum streymi og á staðnum.

3.5.6 Skólinn og ADHD

Fjögurra tíma fjarnámsskeið ætlað kennurum og öðru starfsfólki skóla sem vinna með börnum með ADHD.

3.5.7 Áfram veginn

Fjögurra tíma fjarnámsskeið fyrir fullorðna með ADHD um áskoranir daglegs lífs og leiðir til að ná tökum á þeim og njóta lífsins með ADHD. Námskeiðið er m.a. nýtt af skjólstæðingum VIRK starfsendurhæfingar.



Mynd 9 – Námskeið ársins 2022

3.5.8 Súper Krakkar – strákar og stelpur

Sjálfsstyrkingarnámskeið í samstarfi við Sjálfstyrk sem ætlað 9-12 ára börnum með ADHD. Námskeiðið stendur yfir í 4 vikur og er ætlað strákum annarsvegar og stelpum hinsvegar.

3.6 Samfélagsmiðlar

Samfélagsmiðlar spila æ ríkara hlutverk í upplýsingamiðlun samtakanna. Nú starfrækja ADHD samtökin sjö Facebook síður (útibúin og aðalsíðan) og eina Instagram síðu og koma auk þess með virkum hætti að starfi sjö öflugra Facebook hópa um ýmis málefni.

Fylgjendum samtakanna á Facebook fjölgaði um 9% á árinu og voru þeir 16.305 í lok árs. Fylgjendum á Instagram fjölgaði um 53% og voru þeir um 2139 í lok árs. Þátttakendur í þeim spjallhópum sem samtökin koma að hefur einnig fjölgað og eru þar eru um 30.000 þátttakendur samanlagt.

3.7 ADHD í Beinni

Facebook síðan *ADHD í beinni* hefur notið vaxandi vinsælda en þar er streymt ýmsum viðburðum samtakanna s.s. fundum og fyrirlestrum. Ofangreint svæði er opið fyrir alla skuldlausa félagsmenn samtakanna.



Mynd 10 – Merki ADHD í Beinni

3.8 Lífið með ADHD

Lífið með ADHD – hlaðvarp ADHD samtakanna var starfrækt allt árið. Þar birtust viðtöl við einstaklinga sem glíma við ADHD á einn eða annan hátt sem og fagmenn um málefni ADHD. Viðmælendur úr öllum áttum þjóðlífsins miðluðu af reynslu sinni og sögðu frá gleði, sorgum og sigrum ásamt því að deila með áhorfendum fjölbreyttum og oft á tíðum meinfyndnum lífsreynslusögum. Umsjón þáttanna var í höndum **Bóasar Valdórssonar**. Lífið með ADHD er að finna á vefsíðu samtakanna adhd.is, og öllum helstu hlaðvarpsveitum.



Mynd 11 – Hlaðvarp samtakanna, Lífið með ADHD

3.9 Málþing

Í tilefni af alþjóðlegum vitundarmánuði fólks með ADHD héldu samtökin opið málþing í lok október, venju samkvæmt. Yfirskrift málþingsins var „Þú ert númer 1250 í röðinni ...“ og var því ætlað að varpa ljósi á samfélagslegan kostnað biðlista og ómeðhöndlaðs ADHD.

Á málþinginu, sem haldið var á Grand Hótel og var vel sótt, voru flutt afar áhugaverð erindi um stöðuna og þann gríðarlega kostnað sem skapast meðan beðið er eftir þjónustu, bæði hjá einstaklingnum og síðast en ekki síst samfélaginu öllu. Langur biðtími eftir greiningum, skortur á meðferðarrúrræðum og gríðarlegir fordómar gagnvart notkun ADHD lyfja skerða lífsgæði þúsunda einstaklinga á degi hverjum og valda þeim sem og samfélaginu öllu gríðarlegum skaða. Þau sem fram komu á málþinginu voru **Heiða Björg Hilmisdóttir**, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, **Vilhjálmur Hjálmarsson**, formaður ADHD samtakanna, **Haraldur Erlendsson**, geðlæknir, **Anna Tara Andrésdóttir**, doktorsnemi, **Elvar Daníelsson**, yfirlæknir, **Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir**, alþingismaður og **Sigmundur Ernir Rúnarsson**, ritstjóri sem stýrði málþinginu.



Mynd 12 – Yfirskrift málþingsins – Þú ert númer 1250 í röðinni ...


Í tilefni af vitundarmánuðnum hleyptu ADHD samtökin af stokkunum fræðsluherferð um sama efni undir yfirskriftinni *ADHD – greining, meðferð og lyf bjarga lífum!* Á málþinginu voru Hvatningarverðlaun ADHD samtakanna veitt í annað sinn en þau hlutu samtökin **KFUM** og **KFUK**, eins og nánar er fjallað um á öðrum stað í skýrslu þessari.

Heiða Björg Hilmisdóttir, borgarfulltrúi og formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga setti málþingið ásamt formanni samtakanna, **Vilhjálm Hjálmarssyni** en þingstjóri var **Sigmundur Ernir Rúnarsson**, ritstjóri.

3.10 Fjölmiðlaumfjöllun

Samtökin standa fyrir og hafa áhrif á að fjallað sé um efni er snerta málaflokkinn með ýmsum hætti. Formaður, varaformaður, framkvæmdastjóri og sérfræðingur úr stjórn samtakanna sátu reglulega fyrir svörum og voru áberandi í fjölmiðlum, bæði útvarpi og sjónvarpi, þegar málefni tengd ADHD röskuninni voru til umræðu.

Samkvæmt samantekt Creditinfo á fjölmiðlaumfjöllun um samtökin breyttist hún lítið milli ára – jókst lítillega í ljósvakamiðlum en dróst saman í prentmiðlum – sjá nánar hér:



Mynd 13 – Umfang umfjöllunar eftir tegundum fjölmiðla árið 2022

Línuritíð hér fyrir neðan sýnir þróun fjölda birtra fréttanna um fyrirtækið hjá öllum miðlum. Í töflunni má svo sjá niðurbrot á gögnunum.



	2021	2022
Netmiðlar	47	45
Prentmiðlar	15	10
Sérvefir	8	7
Sjónvarp/Útvarp	1	6
Samtals	71	68

Mynd 14 – Þróun fjölda fréttanna árið 2022 samanborið við 2021

3.11 Ályktanir og umsagnir

Stjórn samtakanna sendi frá sér tvær ályktanir og umsagnir á árinu:

Ályktanir og áskoranir:

- Mars Óbreytt ástand eða besta land í heimi – tækifærið er núna! – ályktun aðalfundar um mikilvægi bættrar þjónustu hins opinbera við fólk með ADHD.
- Nóvember Börnin okkar og ábyrgð RÚV! – grein formanns og varaformanns vegna þáttanna Börnin okkar á RÚV.

3.12 Landsbyggðin

ADHD samtökin hafa undanfarin ár stóraukið starfsemi sína á landsbyggðinni, bæði með stofnun útibúa og aukinni rafrænni starfsemi. Nú starfa sex útibú á landsbyggðinni þar sem boðið er uppá spjallfundi og ýmiskonar samskipti sem ætla er að styrkja samfélag fólks með ADHD á svæðunum. Útibúin er mis virk, en starfsemin í Vestmanneyjum var sérstaklega blómleg á liðnu ári. Þar var m.a. haldið veglegt tveggja daga námskeið fyrir þjálfara, kennarar og leiðbeinendur sem koma að vinnu með börnum með ADHD í góðu samstarfi við sveitarfélagið, auk fjölda spjallfunda ofl. Mikill stuðningur hefur verið við útibúið í Vestmannaeyjum frá fjölda aðila.



Mynd 15 – Merki útibúa ADHD samtakanna

3.13 ADHD samtökin 35 ára

Í tilefni af 35 ára starfsafmæli ADHD samtakanna árið 2023 ákvað stjórn samtakanna að skipa sérstaka afmælisnefnd til að undirbúa viðburði vegna afmælisársins. Afmælisnefndina skipa **Ellen Calmon**, fv framkvæmdastjóri, **Sólveig Ásgrímsdóttir**, fv. ritari og **Gyða Haraldsdóttir**, varaformaður samtakanna, sem er formaður nefndarinnar. Nefndin hélt fjölda funda á árinu og lagði fyrir stjórn fjölda hugmynda að viðburðum og aðgerðum vegna afmælisársins og mun hún fylgja þeim eftir á afmælisárinu sjálfu. Með nefndinni starfa **Hrannar Arnarsson** og **Elín Hinriksdóttir**, starfsmenn ADHD samtakana.

4 Samstarf

4.1 Norrænt samstarf

ADHD samtökin hafa um árabil verið aðilar að norrænu samstarfi og er það samtökunum afar mikilvægt að vinna með frændþjóðum okkar að ýmsum sameiginlegum verkefnum og stefnumótun. Á árinu hittust fulltrúar samtakanna í Stokkhólmi.

4.2 ADHD Europe

Samtökin eru meðlimir í ADHD Europe og er framkvæmdastjóri samtakanna, **Hrannar B. Arnarsson** stjórnarmaður í samtökunum. Auk Hrannars starfa ýmsir úr stjórn og starfsfólk samtakanna í ráðum og nefndum ADHD Europe.



Mynd 16 – Lógó ADHD Europe

4.3 Samstarf og starfshópar

Fulltrúar ADHD samtakanna hafa unnið ötullega með Öryrkjabandalagi Íslands í baráttu fyrir bættum hag einstaklinga með ADHD og skyldar raskanir. Formaður samtakanna, **Vilhjálmur Hjálmarsson**, er formaður málefnaþóps ÖBÍ um heilbrigðismál og situr sem slíkur í stjórn ÖBÍ. Fyrrum formaður samtakanna og núverandi starfsmaður **Elín Hinriksdóttir** er formaður málefnaþóps ÖBÍ um málefni barna situr í situr jafnframt í stjórn ÖBÍ. **Bergþór Þórðarson**, varamaður í stjórn samtakanna, gegnir varaformennsku í ÖBÍ. Þá situr framkvæmdastjóri samtakanna í málefnaþópi um atvinnu-og menntamál og fulltrúi samtakanna gegnir einnig störfum í laganefnd ÖBÍ.

Samtökin eru aðili að Almannaheillum og sat framkvæmdastjóri samtakanna þar í stjórn. Á aðalfundi Almennaheilla árið 2022 tók ritari ADHD samtakanna, **Tryggvi Axelsson** sæti í stjórninni í stað Hrannars.

Sem einn af stofnaðilum ráðgjafarmiðstöðvar Sjónarhóls skipa samtökin fulltrúa í stjórn þeirra og gegnir framkvæmdastjóri ADHD samtakanna nú formennsku í stjórn Sjónarhóls.

4.4 Evrópuverkefni – ChildTalks+

ADHD samtökin eru aðili að Evrópuverkefninu „ChildTalks+ – preventive intervention for children of parents with mental health problems“ ásamt norsku samtökunum Voksne for barn og Charles University í Prag, sem leiðir verkefnið. Helsta hlutverk ADHD samtakanna í verkefninu hefur verið að fræða þátttakendur um ADHD, starfsemi ADHD samtakanna og þýða fræðsluefni verkefnisins yfir á íslensku. Fulltrúar samtakanna **Vilhjálmur Hjálmarsson** og **Elín Hinriksdóttir** tóku m.a. þátt í ráðstefnu verkefnisins í Prag ásamt **Elísabetu Marteinsdóttur** sem kynnti starfsemi Sjónarhóls. Verkefninu lýkur árið 2023.

5 Starfsmannamál

Starfsmenn samtakanna voru í lok árs fjórir talsins.

Hrannar Björn Arnarsson framkvæmdastjóri í 100% starfi.

Elín Hoe Hinriksdóttir sérfræðingur í 100% starfi.

Guðni Rúnar Jónasson, verkefnastjóri skrifstofu í 100% starfi.

Paula Newman, verkefnastjóri fræðslumála í 100% starfi.

Á árinu starfaði einnig **Árdís Rut Einarsdóttir** hjá samtökunum um nokkurra mánaða skeið.

Líkt og fyrri ár lögðu allnokkrir einstaklingar á sig talsverða vinnu fyrir samtökin í þeim verkefnum sem fyrir lágu. **Linda Hrönn Sigfúsdóttir** stóð vaktina hjá ADHD Norðurlandi, **Ása Ingibergsdóttir** og **Ásta Björk Guðnadóttir** hjá ADHD Eyjum, **Sigurlín H. Kjartansdóttir** og **Kristín Kara Collins** fyrir ADHD Austurland, **Drífa Pálín Geirs**, **Inga Dóra Ragnarsdóttir** og **Thelma Lind Guðmundsdóttir** fyrir ADHD Suðurland, **Björn S. Traustason**, **Heiða Ingólfssdóttir**, **Hjördís Ólafsdóttir**, **Hólmfríður Árnadóttir** og **Herdís Ósk Sveinbjörnsdóttir** fyrir ADHD Suðurnes og **Josefina Morell** og **Lilja Gréta** fyrir ADHD Vesturland. Framlag þeirra er mikils virði fyrir samtökin en öll þeirra vinna er unnin í sjálfböðastarfi.

6 Stjórn og stefna

6.1 Stjórn samtakanna

Aðalfundur samtakanna var haldinn þann 30. mars 2022. Umtalsverðar breytingar voru gerðar á lögum ADHD samtakanna á fundinum, aðalega í þeim tilgangi að aðlaga þau nýsamþykktum lögum um félög til almannaheilla.

Jóna Kristín Gunnarsdóttir, varaformaður og **Sólveig Ásgrímsdóttir**, ritari samtakanna gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarstarfa og voru þeim þökkuð innilega fyrir vel unnin störf. **Gyða Haraldsdóttir**, forstöðumaður þroska og hegðunarstöðvar var kjörin nýr varaformaður samtakanna og **Björn S. Traustason**, framkvæmdastjóri Apoteks Reykjanesbæjar tók einnig sæti sem varamaður í stjórn.

Í samræmi við lög samtakanna var kjorið í helming stjórnarsæta til ársins 2024 auk varaformanns til ársins 2023 en stjórn ADHD samtakanna skipa sjö aðalmenn og tveir til vara.

Stjórnin samtakanna árið 2022-2023 var þannig skipuð:

Vilhjálmur Hjálmarsson, formaður (kosin til aðalfundar 2023)

Gyða Haraldsdóttir, varaformaður (kosinn til aðalfundar 2023)

Elín Hrefna Garðarsdóttir, gjaldkeri (kosin til aðalfundar 2024)

Tryggvi Axelsson, ritari (kosin til aðalfundar 2024)

Sigrún Jónsdóttir, meðstjórnandi (kosin til aðalfundar 2024)

Bóas Valdórsson, meðstjórnandi (kosin til aðalfundar 2023)

Ása Ingibergsdóttir, meðstjórnandi (kosin til aðalfundar 2024)

Varamenn:

Björn S. Traustason, (kosin til aðalfundar 2024)

Bergþór Heimir Þórðarson, (kosin til aðalfundar 2023)

Stjórn samtakanna fundaði 11 sinnum á liðnu ári, yfirleitt fyrsta mánudag í hverjum mánuði. Í samræmi við ný lög ADHD samtakanna, samþykkti stjórn samtakanna ítarlegar starfsreglur stjórnar sem nú er unnið eftir.



Mynd 17 – Frá aðalundi ADHD samtakanna 2022.

6.2 Helstu áherslur

Stór hluti af starfsemi samtakanna varðar hagsmunagæslu. Undanfarið ár hefur þetta einkum snúið að lyfjaumræðu, óviðunandi þjónustu hins opinbera við greiningar og meðferð vegna ADHD, þjónustu geðlækna- og sálfræðinga og annarra atriða er snerta réttindi einstaklinga með ADHD, til að mynda rétt þeirra til náms.

Barátta samtakanna á liðnum árum hefur skilað því, að allt þjónustukerfi hins opinbera við greiningar og meðferð á ADHD var tekið til endurskoðunar í lok árs 2021. Endurskoðuninni fylgdu fögur fyrirheit um styttingu biðlista og aukin meðferðarstuðning og hefur liðið ár mikið farið í að fylgja þessum breytingum og fögru fyrirheitum eftir.

Því miður hefur árangurinn ekki verið sem skyldi og hafa biðlistar því miður ekkert stysst. Þvert á móti hafa þeir lengst og biðtími sömuleiðis, bæði hjá fullorðnum og börnum. Nýtt ADHD teymi fyrir fullorðna hefur nokkuð haldið í horfinu, en vegna aukinnar eftirspurnar hefur biðtími eftir þjónustu enn ekki stysst. Hjá nýrri Geðheilsumiðstöð barna, sem tók yfir starfsemi þroska- og hegðunarmiðstöðvar, hefur hinsvegar keyrt um þverbak og biðtími lengst verulega.

Óhætt er að segja að ástandið sé grafalvarlegt og algerlega óásættanlegt eftir svo langann umþóttunartíma hins opinbera. Tími umþóttunnar og undirbúnings er löngu út runninn og tími aðgerða runninn upp – fyrir löngu síðan.

Skaðinn af ógreindu og ómeðhöndluðu ADHD getur verið gríðarlegur. Ekki bara fyrir einstaklinginn sjálfann og fjölskyldu hans, heldur einnig samfélagið allt. Á liðnu ári beindu ADHD samtökin sérstakri áherslu á þessa þætti, ekki síst til að þrýsta á kröftugri aðgerðir stjórnvalda til að bæta þjónustuna.

ADHD samtökin hafa um langt skeið barist fyrir því að sálfræðiþjónusta verði veitt á sömu forsendum og önnur heilbrigðisþjónusta og hún verði felld undir greiðsluþátttökukerfi Sjúkratrygginga Íslands eins fljótt og auðið er. Snemmbært aðgengi að greiningu og sálfræðimeðferð mun án efa draga verulega úr öllum kostnaði, hvort heldur átt er við fjárhagslegan kostnað samfélagsins eða þann mannlega kostnað sem einstaklingurinn þarf að bera. Sálfræðiþjónusta getur oftast en ekki verið nauðsynleg til að hjálpa viðkomandi að verða fullgildur þátttakandi í samfélaginu og um leið gera honum kleift að leggja sitt af mörkum til samfélagsins.


Á árinu var áfram unnið með yfirvöldum að innleiðingu laga um farsæld barna. Þar er að finna ýmsar framfarir í málefnum barna ásamt því að skýra alla verkferla og mikil áhersla lögð á samfellu í þjónustu og snemmtæka íhlutun. Mikilvægt er að fylgja vel eftir innleiðingu laganna á næstu árum.

Þá var mikil vinna lögð í að bæta réttarstöðu fólks sem notar ADHD lyf í umferðinni. Ítrekað hafa komið upp tilvik á liðnum árum þar sem svo virðist sem ADHD lyf hafi verið grunnur að ökuleyfissviptingum, þvert gegn áður viðteknum vinnureglum lögreglu og dómstóla. Samtökin hafa kallað eftir upplýsingum frá Ríkislögreglustjóra um framkvæmd þessara mála og munu á næstu misserum fylgja þeim eftir til að bæta réttarstöðu þeirra sem nota ADHD lyf.

Síðast en ekki síst er mikilvægt að koma inn almennri fræðslu um ADHD í menntastofnanir landsins og ekki síst inn í grunnám kennara. Með réttum kennsluáðferðum er hægt að bæta verulega líðan barna með ADHD í skóla, íþróttum og öðru frístunda starfi. Í þessu samhengi má reyndar benda á að „sértækar lausnir“ hvað þetta varðar reynast oft ekki sértækari en svo að breytingin gagnast heildinni betur. Stórefld fræðsla ADHD samtakanna fyrir kennara og annað starfsfólk skóla er liður í þessu mikilvæga verkefni.

Samþykkt á stjórnarfundi 19. apríl 2023.

F.h. stjórnar



Vilhjálmur Hjálmarsson, formaður



Ársreikningur

ADHD samtökin fta.

**Ársreikningur
2022**

ADHD samtökin fta.
Háaleitisbraut 13
108 Reykjavík
590588-1059

Óendurskoðaður ársreikningur

Efnisyfirlit

Ársreikningur 2022

Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn	3	Efnahagsreikningur	8
Skýrsla og áritun félagskjörinna skoðunarmanna	5	Sjóðstreymi	10
Áritun endurskoðenda	6	Skýringar	11
Rekstrarreikningur	7		

Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn

Ársreikningur 2022

ADHD samtökin fta. eru landssamtök til stuðnings börnum og fullorðnum með athyglisbrest, ofvirkni og skyldar raskanir. Samtökin voru stofnuð árið 1988 og hétu þá Foreldrafélag misþroska barna. Á árinu voru ADHD samtökin samþykkt sem félag til almannaheilla, í samræmi við nýsamþykkt lög þar um. Stjórn samtakanna hefur einnig sett sér starfsreglur í samræmi við nýjar samþykktir fyrir ADHD samtökin fta.

Markmið ADHD samtakanna er að börn og fullorðnir með ADHD og skyldar raskanir mæti skilningi alls staðar í samfélaginu og hafi gott aðgengi að þjónustu sem hefur það að markmiði að hámarka hæfni þeirra og lífsgæði á öllum aldurskeiðum.

Áframhaldandi vöxtur einkenndi starfsemi ADHD samtakanna árið 2022. Félagsmönnum fjölgaði úr 3616 í 4086 eða um 13%. Stórukið líf færðist í starfsemi útibúanna, námskeiðahald og fræðslustarf samtakanna og mikil áhersla var lögð á baráttuna við lyfjafordóma og fyrir bættri og aukinni þjónustu hins opinbera við greiningar og meðferð vegna ADHD. Fylgjendur samtakanna á Facebook eru nú 16.305 (fjölgaði um 9% á árinu) og 2139 á Instagram

Á árinu voru haldnir vel á þriðja tug spjall- og fræðslufunda á vegum samtakanna og útibúanna vítt og breytt um landið. Námskeið samtakanna voru 25 á árinu og hafa aldrei verið fleiri - þátttakendur voru vel á fimmta hundað. Fimm ný námskeið hófu göngu sína á árinu, Áfram veginn, vefnámskeið fyrir fullorðna með ADHD, Súperstelpur og Súper krakkar, fyrir börn og ungmenni með ADHD og vefnámskeiðið ADHD og skólinn, fyrir kennara og annað starfsfólk skóla. Þá voru fræðsluerindi á vegum samtakanna, í skólum, fyrirtækjum og stofnunum vel á annan tug. Hlaðvarp samtakanna, Lífið með ADHD hélt áfram göngu sinni, beinum útsendingum af viðburðum fjölgaði í hópnum ADHD í beinni og árlegur vitundarmánuður var haldinn með hefðbundnu sniði, að þessu sinni með áherslu mikilvægi bættrar þjónustu við fólk með ADHD og jákvæð áhrif ADHD lyfja á lífsskilyrði fólks með ADHD. Í tilefni af vitundarmánuðnum réðust samtökin í gerð fræðslumyndbanda og fræðsluefnis um jákvæðar áhrif greininga, lyfja og meðferðar vegna ADHD og kynntu efnið undir yfirskriftinni Greining, meðferð og lyf bjarga lífum! Í lok október var ráðstefna samtakanna haldinn undir yfirskriftinni Þú ert númer 1250 í röðinni! Á árinu voru Hvatningarverðlaun ADHD samtakanna veitt í annað sinn og veittu fulltrúar KFUM og KFUK þeim viðtöku við hátíðarlega athöfn.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt lögum um ársreikninga. Við gerð ársreiknings er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

Að áliti stjórnar ADHD samtakanna koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins 31. desember 2022, afkomu árið 2022 og fjárhagslegri þróun á árinu.

Á árinu störfuðu að meðaltali rúmlega 4 starfsmenn hjá félaginu og námu launagreiðslur samtals 43,4 millj. kr. Að auki greiddi félagið 840 þús. kr. í bifreiðastyrk og 10,6 millj. kr. í launatengd gjöld. Á árinu greiddu samtökin 1,5 millj. kr. í verktakagreiðslur til stjórnarmanna vegna námskeiða og spjallfunda.

Á árinu 2018 kom í ljós að fyrrum framkvæmdastjóri samtakanna hafði dregið að sér umtalsverða fjármuni. Framkvæmdastjóra var umsvifalaust vikið frá störfum. Þann 29.04.2020 dæmdi Héraðsdómur Reykjaness fyrrum framkvæmdastjóra til að greiða samtals 9,2 millj. kr. auk málskostnaðar 168 þús. kr. auk dráttarvaxta. Landsréttur hefur staðfest dóminn. Krafa er í innheimtuferli. Stjórn samtakanna ákvað að færa hana út úr ársreikningi samtakanna yfir eigið fé.

Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn

Ársreikningur


Tap varð af rekstri samtakanna á árinu 2022 að fjárhæð 5,9 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins í lok ársins var jákvætt um 41 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Vísað er til ársreikningsins um breytingar á eiginfjáreikningun.

Stjórn ADHD samtakanna staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2022.


Reykjavík, 30 mars 2023


Stjórn:



Vilbjálfur Eljálfsdóttir, forseti



Elín Hrefna Clárdóttir, gjaldkeri


Bóas Valdórsson



Ása Ingibergsdóttir


Guðrún Sigurlaug Haraldsdóttir, varaformaður


Tryggvi Axelsson, ritari


Sigrún Jónsdóttir

Frákvæmdastjóri:


Hraunur Arnarsson

Skýrsla og áritun félagskjörinna skoðunarmanna

Ársreikningur 2022

Við höfum yfirfarið ársreikning ADHD samtakanna fta. fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar.

Ársreikningurinn er lagður fram af stjórn félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við höfum látið í ljós á ársreikningnum á grundvelli yfirferðarinnar.

Það er okkar álit að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samtakana á árinu 2022 og efnahag þess 31. desember 2022 í samræmi við lög og samþykktir þeirra og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 30 mars 2023

Elisabet Marteinsdóttir
Elisabet Marteinsdóttir

Þórarinn Snorri Sigurgeirsson
Þórarinn Snorri Sigurgeirsson

Ánný Ingvásdóttir

Áritun endurskoðenda

Ársreikningur 2022

Til stjórnar og félagsmanna ADHD samtakanna fta.

Inngangur

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings ADHD samtakanna fta. fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur félagsins eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ársreikningurinn er byggður á gögnum félagsins og upplýsingum frá stjórnendum þess.

Umfang

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400, sem fjallar um könnun á reikningsskilum. Samkvæmt staðlinum ber okkur að skipuleggja og framkvæma könnun til að öðlast hæfilega vissu um að reikningsskilin séu án verulegra annmarka. Könnun takmarkast fyrst og fremst við fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum starfseminnar ásamt greiningum á hinum ýmsum liðum reikningsskilanna og veitir þar af leiðandi ekki minni fullvissu en endurskoðun. Við höfum ekki framkvæmt endurskoðun og látum þar af leiðandi ekki í ljós álit um endurskoðun.

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu ADHD samtakanna á árinu 2022, efnahag þann 31. desember 2022 og yfirlit um sjóðstreymi ársins 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 30 mars 2023

APaL ehf.

Sigríður Arnarsdóttir

Rekstrarreikningur 2022

Ársreikningur 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrartekjur			
Tekjur	2, 10	92.311.064	103.440.865
Aðrar tekjur	11	5.749.713	7.908.168
		<u>98.060.777</u>	<u>111.349.033</u>
Rekstrargjöld			
Fræðsla, kynningar og fjáröflun	12	35.301.559	38.646.732
Laun og launatengd gjöld	13	55.786.953	48.394.490
Húsnæðiskostnaður	14	2.884.857	2.464.191
Annar rekstrarkostnaður	15	10.761.590	10.474.018
		<u>104.734.959</u>	<u>99.979.431</u>
Rekstrarafkoma fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(6.674.182)	11.369.602
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Fjármunatekjur	16	1.048.884	361.767
Fjármagnsgjöld	17	(295.279)	(124.130)
		<u>753.605</u>	<u>237.637</u>
(Tap) hagnaður ársins	(5.920.577)	11.607.239

Skýringar á blaðsíðu 11 til 16 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum

Efnahagsreikningur

Ársreikningur 2022

		Eignir		
		Skýr.	2022	2021
Fastafjármunir:				
Varanlegir rekstrarfjármunir:				
Fasteign	18	6.504.733	6.504.733	
Fastafjármunir samtals	5, 18	6.504.733	6.504.733	
Veltufjármunir				
Birgðir		4.216.003	6.172.000	
Viðskiptakröfur	6	4.502.436 #	2.035.298	
Krafa á fyrrum framkvæmdastjóra	7	0	9.381.376	
Handbært fé	8	36.299.041	41.184.060	
		45.017.480	58.772.734	
	Eignir samtals	51.522.213	65.277.467	

Skýringar á blaðsíðu 11 til 16 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum

31. desember 2022

Ársreikningur 2022

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2022	2021
Eigið fé			
Stofnfé		4.621.194	4.621.194
Óráðstafað eigið fé		36.354.455	51.656.408
	19	<u>40.975.649</u>	<u>56.277.602</u>
Skammtímaskuldir			
Aðrar skammtímaskuldir		10.546.564	8.999.865
		<u>10.546.564</u>	<u>8.999.865</u>
	Skuldir samtals	<u>10.546.564</u>	<u>8.999.865</u>
	Skuldir og eigið fé samtals	<u>51.522.213</u>	<u>65.277.467</u>

Skýringar á blaðsíðu 11 til 16 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum

Yfirlit um sjóðstreymi 2022

Ársreikningur 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarafkoma	(5.920.577)	11.607.239
Veltufé frá rekstri	(5.920.577)	11.607.239
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, hækkun		1.955.997	(2.587.000)
Skammtímakröfur, lækkun	(2.467.138)	360.322
Skammtímaskuldir, hækkun		1.546.699	1.867.070
Handbært fé frá rekstri	(4.885.019)	11.247.631
(Lækkun) hækkun á handbæru fé	(4.885.019)	11.247.631
Handbært fé í upphafi ársins		41.184.060	29.936.429
Handbært fé í lok ársins		36.299.041	41.184.060

Skýringar á blaðsíðu 11 til 16 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum

Skýringar

Ársreikningur 2022

Almennar upplýsingar

ADHD samtökin eru skráð á Íslandi. Samtökin eru með höfuðstöðvar í Háaleitisbraut 13, 108 Reykjavík. Ársreikningur félagsins er fyrrið árið 1. janúar til og með 31. desember 2022.

Félagið var stofnsett á árinu 1988. Markmið ADHD samtakanna er að börn og fullorðnir með athyglisbrest, ofvirkni og skyldar raskanir mæti skilningi alls staðar í samfélaginu og fái þjónustu sem stuðlar að félagslegri aðlögun þeirra, möguleikum í námi og starfi og almennt bættum lífsgæðum.

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Innlausn tekna

2. Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af styrkjum og framlögum, félagsgjöldum, seldum námskeiðum, bókum og vörum. Tekjur og vaxtatekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið, að undanskýldum félagsgjöldum sem eru til tekna við innheimtu.

Erlendir gjaldmiðlar

3. Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í lok reikningsskilatímabils. Áfallinn gengismunur á höfuðstól eigna og skulda er færður í rekstrarreikning.

Fjármagnskostnaður

4. Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Varanlegir rekstrarfjármunir

5. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á upphaflegu kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað og í tekjuhæft ástand. Eignin er ekki afskrifuð á líftíma hennar.

Viðskiptakröfur

6. Viðskiptakröfur eru færðar á nafnvirði. Félagsgjöld sem innheimtast í upphafi næsta árs eru færð meðal krafna. Einnig er meðal krafna styrktarloforð sem ógreidd eru um áramót.

Krafa á fyrrum framkvæmdastjóra

7. Á árinu 2018 kom í ljós að fyrrum framkvæmdastjóri samtakanna hafði dregið að sér umtalsverða fjármuni. Framkvæmdastjóra var umsvifalaust vikið frá störfum. Þann 29.04.2020 dæmdi Héraðsdómur Reykjaness fyrrum framkvæmdastjóra til að greiða samtals 9,2 millj. kr. auk málskostnaðar 168 þús. kr. auk dráttarvaxta. Krafa á fyrrum framkvæmdastjóra hefur því verið færð niður í samsvarandi fjárhæð í gegnum eigið fé.

Skýringar, frh:

Ársreikningur 2022

Handbært fé

8. Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstandur af sjóði, óbundnum bankainnistæðum og skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en þriggja mánaða að frádrögnum yfirdrætti á bankareikningum.

Skuldbindingar

9. Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð þeirra með áreiðanlegum hætti.

Rekstrarreikningur

Tekjur

	2022	2021
10. Tekjur samtakanna skiptast með eftirfarandi hætti:		
Styrkir	36.005.200	40.513.891
Framlög frá Ríkissjóði	12.500.002	25.000.000
Framlög frá Öryrkjabandalagi Íslands	9.287.604	7.400.000
Styrkir sveitarfélaga	3.940.000	3.051.650
Evrópuverkefni Childs talks	1.719.559	1.747.448
Framlög vegna Reykjavíkumaraþons	1.071.549	156.720
Styrkur vegna útgáfu bæklinga	0	400.000
	<u>64.523.914</u>	<u>78.269.709</u>
Félagsgjöld	8.931.550	8.229.500
Námskeið	12.838.153	10.170.500
Fyrirlestrar og fræðsla	1.234.000	360.000
	<u>14.072.153</u>	<u>10.530.500</u>
Vörusala og seldar bækur	2.866.154	4.963.468
Endurskinsmerki	1.891.648	1.445.269
Jóla kort og minningarkort	25.645	2.419
	<u>4.783.447</u>	<u>6.411.156</u>
Tekjur samtals	92.311.064	103.440.865
11. Aðrar tekjur		
Styrkur vegna starfsþjálfunar	5.749.713	7.908.168

Skýringar, frh:

Ársreikningur 2022

Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu

	2022	2021
12. Fræðsla, kynningar og fjáröflun:		
Kostnaður við námskeið	10.399.484	13.871.134
Málþing	190.000	60.000
Spjallfundir	1.036.650	955.286
Ráðstefnur	60.000	1.055.498
Markaðs- og fræðslukostnaður	4.323.682	2.991.018
Myndbönd	0	120.000
	<u>16.009.816</u>	<u>19.052.936</u>
Kostnaður við fjáröflun, vörusölu og sölu bóka skiptist með eftirfarandi hætti:		
Aðkeypt þjónusta við fjáröflun	13.123.415	14.953.503
Kostnaðarverð seldra vara	1.357.525	3.882.987
Bókaútgáfa	1.176.836	1.622.870
Eignfærðar birgðir	1.955.997	(2.587.000)
Útgáfa bæklinga	1.303.850	1.087.823
Burðargjöld	374.120	633.613
	<u>19.291.743</u>	<u>19.593.796</u>
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu samtals	<u>35.301.559</u>	<u>38.646.732</u>

Laun og launatengd gjöld

13. Laun og launatengd gjöld skiptast með eftirfarandi hætti:		
Laun	43.370.972	36.935.971
Áunnið orlof	1.000.000	1.800.000
Ökutækjastyrkur	840.000	868.334
Lífeyrissjóður	6.561.075	5.570.794
Tryggingagjald	3.229.969	2.645.878
Önnur launatengd gjöld	784.937	573.513
	<u>55.786.953</u>	<u>48.394.490</u>
Meðalfjöldi starfsmanna	4	2,5

Skýringar, frh:

Ársreikningur 2022

Rekstrarkostnaður

	2022	2021
14. Húsnæðiskostnaður		
Rekstur sameignar	1.018.164	1.018.164
Fasteignagjöld	226.002	211.068
Viðhald húsnæðis	176.573	157.224
Salarleiga	606.000	499.000
Leiga á skrifstofu	720.000	450.000
Annar rekstrarkostnaður fasteignar	138.118	128.735
	<u>2.884.857</u>	<u>2.464.191</u>
15. Annar rekstrarkostnaður		
Hlutdeild í launum húsfélags og Þroskahjálpar	995.955	423.832
Árgjöld	121.590	123.672
Fundakostnaður	602.501	714.349
Samskiptakostnaður	454.866	362.346
Skrifstofuvörur	479.754	675.418
Áhöld og tæki	1.586.092	1.129.659
Rekstur tölvukerfis	180.052	211.673
Rekstur heimasíðu	257.663	402.193
Bókhaldsþjónusta og gerð ársreiknings	2.890.787	2.720.715
Aðkeypt þjónusta	420.000	1.012.190
Lögfræðikostnaður	60.760	297.600
Verkefni um erfðagjafir	0	164.762
Dagpeningar	154.179	155.590
Ferðakostnaður	765.796	490.582
Annar starfsmannatengdur kostnaður	352.673	215.773
Banka- og þjónustugjöld	1.261.170	1.328.234
Gjafir og styrkir	129.015	0
Annar kostnaður	48.737	45.430
	<u>10.761.590</u>	<u>10.474.018</u>

Skýringar, frh:

Ársreikningur 2022

Rekstrarkostnaður, framhald

Fjármunatekjur

16. Fjármunatekjur skiptast með eftirfarandi hætti:

Vaxtatekjur	1.048.884	361.767
-------------------	-----------	---------

Fjármagnsgjöld

17. Fjármagnsgjöld skiptast með eftirfarandi hætti:

Vaxtagjöld	63.973	45.452
Fjármagnstekjuskattur	231.306	78.678
	295.279	124.130

Varanlegir rekstarfjármunir

18. Varanlegir rekstarfjármunir greinast þannig:

		Fasteign
2021		
Heildarverð 01.01.	6.504.733	
Bókfært verð 31.12.	6.504.733	
2022		
Heildarverð 01.01.	6.504.733	
Bókfært verð 31.12.	6.504.733	

Eignarhluti í fasteigninni Háaleitisbraut 13, 108 Reykjavík, fastanúmer F2500026 og F2246700 nemur 6% á hvoru fastanúmeri. Fasteignamat eignarinnar nemur 13,2 millj. kr. og brunabótamat 22,1 millj. kr. Eignin er veðbandslaus.

Skýringar, frh:

Ársreikningur 2022

Eigið fé

19. Yfirlit um eigið fé:

2021	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 01.01.	4.621.194	40.049.169	44.670.363
Hagnaður ársins		11.607.239	11.607.239
Eigið fé 31.12.	4.621.194	51.656.408	56.277.602
2022			
Eigið fé 01.01.	4.621.194	51.656.408	56.277.602
Niðurfærð krafa á fyrrum framkvæmdarstjóra		(9.381.376)	(9.381.376)
Tap ársins		(5.920.577)	(5.920.577)
Eigið fé 31.12.	4.621.194	36.354.455	40.975.649